



Fundargerð - 5

Aðalstjórn Aftureldingar hélt stjórnarfund miðvikudaginn 10. sept. 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:10.

Mætt:

Eymundur Sigurðsson VJI (ES)	eymundur@vji.is
Gudjon Helgason (GH)	gudjonhelgason@gmail.com
Hekla Klemenzdóttir (HK)	hekla@gitarinn.is
Geirharður Long (GL)	geirardur@simnet.is
Anna Sigurðar (AS)	annasig@hotmail.com
Ester Sveinbjarnardóttir (ESv) verkefnastjóri fjármála	ester@afturelding.is
Indriði Jósafatsson (ij) framkvæmdarstjóri	umfa@afturelding.is

Eftirtaldir boðuðu forföll:

Auður Gunnarsóttir (AG) keramik@simnet.is

Lára Berglind Helgadóttir (LBH) skolahreysti@skolahreysti.is

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Skuldastaða deilda.

ESv skýrði samantekt sem fulltrúi aðalstjórnar lagði fram.

Ákveðið að afskrifa að hluta bókfærðar skuldir deilda við aðalstjórn. Verkefnastjóra fjármál falið að framkvæma skv. réttum reglum í samráði við endurskoðanda. Niðurstaðan verður kynnt af fulltrúum aðalstjórnar á næsta formannafundi.

Mál Rúts Snorrasonar gegn Aftureldingu.

Dómur er falinn í málinu. Ef málinu verður ekki áfrýjað er heildarkostnaður Aftureldingar áætlaður rúmar 3 millj. kr.

Stjórn félagsins er tilbúin að taka á sig hluta af þessum kostnaði eða allt að 800 þús.kr. Formanni og framkvæmdastóra falið að semja um málið við knattspyrnudeild sem fyrst.

Erindi frá handknattleiksdeild.

Handknattleiksdeild sendi stjórn erindi og kvartar yfir aðstöðuleysi fyrir styrktaræfingar.

Tryggja þarf aðstöðu fyrir styrktarþjálfun einstakra deilda og mikilvægt að framkvæmdarad taki tillit til félagsins hvað þetta varðar.

Bærinn millifærir leigu til Aftureldingu fyrir íþróttahúsið, en virðist nú hafa leigt Eldingu hluta af þeirri aðstöðu. Það er mat stjórnar að ekki sé hægt að taka hluta af því húsnæði sem félagið hefur haft á leigu og leigja öðrum án samráðs við stjórn félagsins.

Fundargerð frá deildarfundi.

Framkvæmdastjóri lagði fram fundargerð frá deildarfundi handknattleiksdeildar.

Erindi frá sunddeild v. garpasunds.

Framkvæmdaráð hefur hafnað beiðni um að fá feld niður gjöld vegna garpasunds sunddeildar.

Erindi frá menningarmálanefnd.

Fyrirspurn barst til aðalstjórnar Aftureldingar frá menningarsviði Mosfellsbæjar vegna árekstrar sem varð á milli starfsmanna knattspyrnudeildar og foreldra sem sóttu sýningu Lottu leikhóps við Varmárvöll.

„Aðalstjórn Aftureldingar harmar að viðkomandi aðilar hafi ekki getað leyst málið á staðnum með eðlilegum samskiptamáta og að til hafi komið orðaskak. Framkvæmdastjóri félagsins fylgdi málinu strax eftir með því að boða formann meistaraflokksráðs á fund sinn til að fara yfir atburðarrás og orðaskipti sem áttu sér stað milli foreldra og starfsmanna leiksins. Aðalstjórn Aftureldingar þykir miður að viðburðir þessir skyldu hittast á enda fari þeir tæplega saman, eðli sínu samkvæmt, knattspyrnuleikur í efstu deild og leiksýning fyrir börn á sama svæðinu. Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra félagsins, í samvinnu við Menningarsvið Mosfellsbæjar, að leita leiða til að koma í veg fyrir að viðburðir sem þessir rekist á í framtíðinni.“

Tímatöflur og heimasíða.

Framkvæmdastjóri kynnti málið en tímatöflur eru á lokastigi. Verið er að skoða heimasíðu félagsins og setja þar inn nýjungar sem unnið hefur verið að eins og leiðbeiningar varðandi skráningu iðkenda fyrir foreldra í Nora kerfið, eineltisáætlun og aðgerðaráætlun fyrir hana.

Önnur mál.

- Samráðshópur UMSK

Framkvæmdastjóri kynnti fundargerð stofnfundar þessa hóps. Stjórnin fagnar stofnun þessa hóps.

- Move week

Framkvæmdastjóri kynnti átakið sem er í samráði við heilsuvin og heilsueflandi samfélag. Stjórnin fagnar átakingu.

- Uppskeruhátíð.

Framkvæmdastjóra falið að finna dag fyrir hátíðina. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur um nýjungar fyrir hátíðina í samráði við formenn deilda. Hann fær GL og AS sér til aðstoðar. ES verður líka til taks ef þess þarf.

Fundi slitið 20:30

Eymundur Sigurðsson
(sign.)